

Launa- og ferðakostnaður stjórnarmanna greiðist af tilnefningaraðilum. Annar kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni.

7. gr.

Stjórn stofunnar ræður forstöðumann í fullt starf. Hann skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu. Hann stjórnar daglegum rekstri stofunnar, ræður að henni starfslið með samþykki stjórnar og er í fyrirsvari fyrir stofuna.

Forstöðumaður skal sækja lögbundna fundi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið á stofunni.

8. gr.

Til að sinna hlutverki stofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúrufræðisóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna frjáls för um lönd manna en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripum sem fématir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Komi í ljós við rannsókn verðmæti sem áður voru ókunn ber rannsakanda að tilkynna réttihafa þess lands þar sem verðmætin eru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 29 júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um (23.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Econazolum	Skeiðarstílar. Einstakur skammtur mest 150 mg.	PEVARYL, krem og skeiðarstílar. PEVARYL DEPOT, skeiðarstílar með forðaverkun.	Texti á fylgiseðli samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. ágúst 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 13. ágúst 1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar frá 27. apríl 1990.

Breytingin er fólgin í því að á lóðinni nr. 55 við Strandgötu er heimilað að byggja þriggja hæða stofhús í stað einnar hæðar tengibyggingar.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 13. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.